



Svar

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: *Svar við fyrirspurn fulltrúa Sósíalistafllokks Íslands um matarafganga í þjónustuíbúðum aldraðra*

Þann 8. desember 2021 lagði fulltrúi Sósíalistafllokks Íslands fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um matarafganga í þjónustuíbúðum aldraðra:

Í gegnum þjónustuíbúðir aldraðra er hægt að nálgast matarþjónustu. Hvað er gert við mögulega matarafganga sem verða þar? Er íbúum boðið upp á að neyta matarins, ef svo er, þarf að greiða aukalega fyrir það? Eða er starfsfólki boðið upp á að taka matinn með heim, eða er þeim gert að henda honum? Eða er eitthvað annað gert við matarafganga?

Svar:

Þjónustuíbúðir á vegum velferðarsviðs eru reknar á sex stöðum í borginni. Í Seljahlíð sér eldhúsið á staðnum um matseld, bæði fyrir íbúa hjúkrunarheimilis og þjónustuíbúða. Á hinum stöðunum eru máltíðir fyrir íbúa þjónustuíbúða eldaðar í framleiðslueldhúsinu á Vitatorgi, haldið heitum í sér útbúnum bökkum í hitaskápum og dreift samdægurs til móttökueldhúsa. Íbúar og starfsfólk panta sér máltíðir fyrirfram og greiða fyrir þær.

Það er misjafnt eftir því hvað er í matinn hvort einhver afgangur verður. Starfsfólk á reglulega samtali við framleiðslueldhúsið um það hvaða réttir slá í gegn og hvaða réttir fá dræmar undirtektir, en magn afganga miðast gjarnan við hvað er í matinn. Það heyrir til algjörra undantekninga að mat sé hent. Almenn er afgangur nýttur í kvöldmat, en þá er yfirleitt borið fram súpa/grautur, ávextir og brauð. Afgangurinn verður þá hráefni í súpur eða í bakstur. Ef það verður mikill afgangur er íbúum í einstaka tilfellum boðið að taka með sér afgang upp í íbúðir. Þeir greiða ekki fyrir það.

Almenna reglan er að starfsfólki er ekki boðið að taka mat með sér heim.